

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

MARS 2010

3. tbl. 17. árg.



S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6

**Slökkvitækja-
þjónustan**
Slökkvitæki ehf
Erum flutt að
Helluhrauni 10, Hfi
Sími 565-4080
Hleðsla - Sala - Þjónusta



Félagsráðgjafar þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Myndin var tekin að loknum fundi þeirra sl. föstudag.

Mynd ÁHG.

**sjó, nú, prettán
... milljónir**
HAPPA PRENNAN
Gammillagt að skafa



Verkefni félagsráðgjafa í Breiðholti hafa margfaldast

Félagsráðgjafar þjónustumiðstöðvar Breiðholts hafa að undanföngu haft nóg á sinni könnu enda hefur sá fjöldi einstaklinga og fjölskyldna sem leitar til ráðgjafa og annarra sérfræðinga þjónustumiðstöðvarinnar margfaldast.

Því var einstaklega ánægjulegt að félagsráðgjafar þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar skyldu fá tilnefningu frá Félagsráðgjafafélagi Íslands til "félagsráðgjafafélagsins". Í umsögn um félagsráðgjafana segir meðal annars að þeir hafi af elju, áhuga og dugn-

aði staðið vaktina á þeim erfiðum tímum sem riðið hafa yfir þjóðina og mætt gífurlegu álagi með mjög faglegum hætti. Að þessu sinni var það Soffía Egilsdóttir, félagsráðgjafi og forstöðumaður félagssviðs á Hrafnistu, sem hlaut titilinn "félagsráðgjafi ársins" 2010.

Lyfjaval

APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga

OPNUNARTILBOÐ

NÚ!
BORGAR SIG
EKKI!
AÐ ELDA HEIMA

STÓR PIZZA
MEÐ TVEIMUR
ÁLEGGSTEGUNDUM
Á AÐEINS

**1000
KRÓNUR!!**



**PIZZA
HORNID**

S: 5712345
WWW.PIZZAHORNID.IS
MJÓDD

OPNAR
1.MARS

Apótekið í Hólagarði er opið:
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

 **Apótekið**
læggra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

Grillkjöt frá Fjallalambi
20 % afsláttur

Útsala á svínakjöti

Páskajógúrt og Engjabykkni - 15 afsláttur



 **Bin verslun**
SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788
- á traustum grunni



*Eina kjötbordid
í Breiðholti*

**gæði
úrval
þjónusta**

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík
Sími: 511 1188 • 561 1594
Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thord49@simnet.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

3. tbl. 17. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti



Oddný Sturludóttir, borgarfulltrúi, Árni Páll Árnason, félagsmálaráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri og Gissur Pétursson, forstöðumaður vinnuálfstofnunar að lokinni undirrituninni um samstarf ríkis og borgar í málefnum ungs fólks án atvinnu.

Breiðholtið er paradís

Í grein sem Björg Vilhelmsdóttir, Breiðhyllingur og borgarfulltrúi sendi Breiðholtsblaðinu nýverið vitnar hún til nokkurra ummæla sem fésbókarvinir hennar hafa skrifað að undanfögnu. Þessi ummæli eiga öll sameiginlegt að þar eru tíundaðir margvíslegir kostir þess að búa í Breiðholti. "Breiðholt er frábær paradís. Hér er stutt í alla verslun, grunnskóla, leikskóla, framhaldsskóla, sund, bókasafn og íþróttastöðu. Hér eru börn örugg þar sem leiksvæði eru beint fyrir utan húsið og engar götur nálægar." Segir m.a. í einu þeirra og á öðrum stað má lesa að í Breiðholti sé alla þjónustu að fá, Gerðubergíð frábært og með skemmtilegri bókasöfnun sem finna megi í borginni með kaffihúsið frammi, listaverkasýningarnar á ganginum og samfélagið við ólíka hópa. Einnig má lesa að í Breiðholti sé fjölbreytt mannlíf, ungt fólk, eldri borgarar og útlendingar gerir hverfið skemmtilegt. Sundlaugin í Breiðholti sé frábær og þar sé besti nuddpotturinn. Mjóddin og Elliðaárdalurinn fá sína plúsa og síðast en ekki síst sé Breiðholtið miðja höfuðborgarsvæðisins. Fleiri tilvitnanir er að finna í grein Bjarkar og þar ber flest að sama brunni. Fólk er ánæggt með borgarhlutann sinn – hverfið sitt, umhverfið og mannlífið.

Á nægjulegt er að sjá og heyra hvað fólki í Breiðholti finnst um sitt eigið umhverfi. Þetta er fólk sem búið hefur í Breiðholti um lengri eða skemmri tíma og kynnst kostum þess og göllum sem eðlilega hljóta að vera til staðar líkt og allstaðar annarsstaðar. En tilvitnanirnar sýna svo ekki verðum um villst hvern hug fólk ber til þessa borgarhluta. Breiðholtið stendur nú á fertugu og stundum er sagt að það taki um hálföld að móta Borgarhverfi. Þetta á að nokkru við um Breiðholtið eins og aðrar byggðir en þess ber þó að geta að engin byggð eða byggðakjarni stendur óbreyttur um aldur og ævi. Byggðin mótast af fólkinu sem þar býr og í dag er Breiðholtið á því aldurskeiði að kynslóðaskipti eiga sér stað. Frumbýlingar eldast og annað fólk kemur í staðinn en ekki verður annað séð en nýtt fólk kunni að meta Breiðholtið og taki ástfóstri við það.

Oft hefur hallað á Breiðholtið í umræðu undanfarinna ára og talað niður til þessa borgarhluta. Oftast hefur það orðspor þó sprottið af vörum þeirra sem aldrei hafa búið í Breiðholti og þekkja jafnvel lítið til umhverfis og mannlífs þar. Fréttamenn hafa stundum keppst um að leggja þetta fjölmennasta hverfi Reykjavíkur í einskona einleti með neikvæðum áherslum í fréttáflutningi sínum. Þeim og öðrum sem sjá Breiðholtið allt til foráttu má benda á að lesa grein Bjarkar Vilhelmsdóttur hér í blaðinu.

Námskeið fyrir ungt fólk í atvinnuleit hefjast í Breiðholti

Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri, og Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, undirrituðu 11. mars síðastliðinn í Frístundamiðstöðinni Miðbergi viljayfirlýsingu um samstarf ríkis og borgar um námskeið fyrir ungt atvinnulaust fólk á aldrinum 16 til 24 ára.

Samstarfið byggir á áherslum Reykjavíkurborgar í atvinnuálfun ungs fólks og stefnu ráðuneytisins um „ungt fólk til athafna.“ Markmið námskeiðanna er að stuðla að aukinni virkni ungs fólks án atvinnu í borginni og verður lögð áhersla á að efla sjálfstraust, styrkja félagsfærni, styðja við virka náms- og atvinnuleit og þróa í hverfinu úrræði sem henta atvinnulausu ungu fólki. Íþrótt- og tómstundasvið, Vinnuálfstofnun og þjónustumiðstöðvar

skipuleggja námskeiðin í samráði við Rauða kross Íslands og aðra samstarfsaðila í einstökum hverfum. Með samstarfi þessara lykilaðila opnast ný tækifæri til að styðja við ungmennin og nýta úrræði sem eru í hverfunum s.s. tómstunda-, mennta-, menningar- og íþróttatilboð. Ennfremur verður leitað samstarfs við fyrirtæki og félagsamtök. Í Breiðholti er hluti þessa verkefnis farinn af stað í Fjölbrotaskólanum en undirbúningur eftirtalinn stofnana hefur staðið yfir frá því fyrir áramót: Um er ræða FB, Rauðakrossinn - Reykjavíkurdeild, Frístundamiðstöðina Miðberg, Þjónustumiðstöð Breiðholts, Námsflokka Reykjavíkur í Mjódd og Menningarmiðstöðina Gerðubergi. Fleiri aðilar í Breiðholti eiga væntanlega eftir að koma að þessu fram-

sækna samstarfi. Nýleg könnun rannsóknamiðstöðvarinnar Rannsóknar og greiningar ehf. í samráði við Reykjavíkurborg, menntamálaráðuneytið og Háskólann í Reykjavík leiðir í ljós neikvæðar afleiðingar atvinnuleysis á ungt fólk. Reynsla annarra þjóða hefur ennfremur sýnt fram á að ungt fólk í hópi atvinnulausra á frekar en fólk í öðrum aldurshópum á hættu að hafna varanlega utan almenns vinnuþarfa. Námskeiðin eru liður í því að sporna gegn þessari þróun. Námskeiðin eru tilraunaverkefni og verður árangur þeirra metinn með reglulegu millibili á framkvæmdatímum sem er eitt ár. Fyrsta námskeiðið er haldið í Breiðholti en þar eru á þriðja hundrað manns í þessum aldurshópi án atvinnu.

Fastan í Gerðubergi

Fiskur alla virka daga í hádeginu fram að páskaum í kaffihúsinu Gerðubergi

Á matsæðli:

Rauðspretta á danska vísu, sítrónubakaður þorskur, papríku saltfiskur, lúða í tómato con cassé, kryddjurtabakaður lax, plockfiskur í sparifötum, steikt ýsa í raspi, fiskibollur, hvítlauksgratíneraðir sjávarréttir, lax hjúpaður mangó og pista-síuhnetum, indversk fiskistappa ofl. Salatbar og súpa dags. Kaffi, kökur, súkkulaði og te

GERÐUBERG
Menningarmiðstöð

Gerðubergi 3-5, 111 Reykjavík s: 5757700 www.gerðubergi.is

Opið í kaffihúsinu virka daga 10-16 og um helgar 13-16

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Jón G. Bjarnason



Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kístur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

ÚTFARARSTOFA
HAFNARFJARÐAR



Portúgal

Pökkum frábærara viðtökur!
Bókið strax og tryggjið ykkur
besta verðið!

Verðdæmi:

79.900 kr.

Flug og gisting í viku á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi.
Brottför: 10 júní

LUKKUPOTTUR ÚRVALS ÚTSÝNAR Fer fjölskyldan þín frítt til Portúgals í sumar?

Skráðu þig í netklúbb Úrval Útsýnar og fjölskyldan þín gætuð dottið í lukkupottinn og unnið fría ferð til Portúgals í sumar.

Dregið 1. apríl. **SKRÁNING Á**
WWW.URVALUTSYN.IS

Dom Pancho



Einfalt og snyrtilegt 3 stjörnu íbúðarhótel með góðum garði og mjög vel staðsett um 200 metra frá "Laugaveginum". Hótelíð var allt endurnýjað árið 2006 og því er allt hótelið, bæði sameign og íbúðir mjög huggulegar.

Verðdæmi (10. júní - vika)

85.900 kr. á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn í íbúðargistingu með 1 svefnherbergi.

Paladim



Gott hótel vel staðsett mitt á milli gamla bæjarins og "Laugavegarins", við hlið hinnar vinsælu verslunarmiðstöðvar Modelo. Notalegur sundlaugargarður með barnalaug og bar með léttum réttum.

Verðdæmi (10. júní - vika)

86.150 kr. á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi.

Vinsælastur frá upphafi!

Ótal Íslendingar eiga góðar minningar frá Portúgal enda hefur landið verið allra vinsælasti áfangastaður okkar árum saman. Í Portúgal mætast gamli og nýi tíminn og mynda heillandi veröld. Portúgal er land sólgylltra stranda, skuggsælla skóga, öldusorfinna kletta og hvítkalkaðra húsa. Land þar sem virðulegir kastalar, kyrrlátar kirkjur og syngjandi vindmyllur standa eins og þær hafi orðið viðskila við nútímann. Albufeira er gamall fiskimannabær í Algarve-héraði en í dag býður hann upp á flest það sem ferðamenn á sólarstað þrjá.

Úrval Útsýn hefur hlotið æðstu viðurkenningu stjórnvalda í Algarve-héraði fyrir brautryðjendastarf í sólarlandaferðum til Portúgals og þátt ferðaskrifstofunnar í uppbyggingu ferðamannaþjónustu héraðsins.



VIÐTALIÐ

Stekkjahverfið er ein af þessum földu perlum

Rut Káradóttir flutti í Fremristekkin í Breiðholti með fjölskyldu sinni 2002 eftir að hafa leitað af húsi í skjóli með útsýni og góðri lóð. Rut, sem er ættuð frá Húsavík, lærði innanhússarkitektúr í Róm á Ítalíu og útskrifaðist þaðan árið 1993 og hefur starfað sem innanhússarkitekt frá þeim tíma, fyrst á Ítalíu en síðar á Íslandi. Rut tekur um þessa dagana þátt í Hönnunarmars ásamt fjölda annarra hönnuða og arkitekta. Maður Rutar er Kristinn Arnarson og er hann fæddur í Ólafsvík. Kristinn hefur starfað um árabil í bókaútgáfu og hefur nú stofnað eigið fyrirtæki á því sviði, Klúbbhúsið, sem um þessar mundir kynnis sinn fyrsta áskriftarklúbb – Saumaklúbbinn.


Rut hefur mikinn áhuga á að fegra umhverfi sitt, ekki bara innandyra hjá viðskiptavinum sínum, heldur hefur hún einnig áhuga á umhverfismálum. Rut telur að íbúasamtök geti verið góður vettvangur fyrir slíkt og hefur Rut m.a. komið að starfi íbúasamtakanna Betra Breiðholts og einnig samtaka sem að Auður Ottesen hefur verið í forsvari fyrir, en þau berjast fyrir betra og manneskjulegra umhverfi í höfuðborginni á ýmsum sviðum.

Hlúum að nánasta umhverfi

“Ég hef mikinn áhuga á umhverfinu og umhverfismálum og ég tel að íbúasamtök geti haft nokkur áhrif til þess að bæta umhverfið. Það er staðreynd að fólki líður betur í umhverfi sem það getur haft áhrif á hvernig þróast. En til þess að svo megi verða þarf að virkja bæði fagfólk og einnig áhugafólk í viðkomandi byggð til að koma fram og láta að sér kveða. Það höfum við verið að gera með íbúasamtökunum en það þurfa fleiri að koma til og leggja málunum lið. Það er t.d. nauðsynlegt að hlúa að sínu nánasta umhverfi og ekki síður að nýta



Rut á vinnustofunni í Fremristekk með dótturinni Brynju.



Útsýnið yfir Elliðaárdalinn úr vinnustofu Rutar að vetri.

þá möguleika sem umhverfið hefur að bjóða. Þetta má m.a. gera með því að fá meiri þjónustu inn í hverfið til að íbúarnir þurfi ekki að fara um lengri veg til að nálgast nauðsynlega hluti. Hlúa þarf að náttúruperlunni okkar Elliðaárdalnum og fleiri grænum svæðum sem oft verða eins og einskis manns land. Ef við viljum hafa opin græn svæði þá þurfum við að leggjast á eitt að hugsa um þau því við getum ekki alltaf ætlast til að borgaryfirvöld sjái um alla hluti. Einhver kom með þá góðu hugmynd að við myndum taka þessi svæði í föstur”

Falin perla í borginni

Við fjölskyldan ákváðum að flytja hingað eftir að ég rakst á fyrir tilviljun fasteignaauðglýsingu um hús sem uppfyllti mína drauma, það var á hæfilegu verði, á stórrí lóð, á skjólsælum stað með frábæru útsýni yfir Elliðaárdalinn og fjallasýn. Það var eiginlega of gott til að vera satt en draumurinn varð að veruleika og við fluttumst hingað árið 2002 eftir að hafa gert töluverðar endurbætur innanhúss. Síðar lögðumst við í endurbætur á lóðinni og byggðum við



Dóttirin Brynja með kisuna Morrison.

húsið þannig að nú hef ég góða vinnuástöðu heima og hef Elliðaárdalinn og Esjuna fyrir augunum alla daga. Mér finnst Stekkjahverfið í Breiðholti reyndar vera ein af þessum földu perlum í borginni og er mjög þakklát fyrir að fá að njóta þess að búa hér.”



Rut í gönguferð í Elliðaárdalnum með Brynju og frændanum Fylki.

Ekki borga

15.000 kr.
að óþörfu!

AS 10 08



Þann 1. apríl n.k. leggst 15.000 kr. vanrækslugjald á óskoðuð ökutæki með endastafinn 1 í númeri. Vegna mikillar aðsóknar í lok mánaðar er óvíst að hægt sé að sinna öllum skoðunarbeiðnum. Forðastu óþarfa kostnað og óþægindi með því að draga ekki fram á seinustu daga mánaðarins að fara með bílinn í skoðun.



Adalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 15 ár

Skoðunarstöðvar:

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Adalskoðun

www.adalskodun.is



Rut, Kristinn og Brynja í eldhúsinu.

Búið að steypa nóg

“Sem dæmi um þá hugarfarsbreytingu sem mér finnst að orðið hefur er að fyrir tveimur árum var rætt af mikilli alvöru að byggja slökkvistöð hér í miðjum Elliðaárdal. Þetta þótti ákjósanleg staðsetning og afstöðu til stórra umferðaaæða en án allrar hugsunar um nálægð við náttúruperlur. Í dag held ég að engum stjórnálagnum myndi koma til hugar að reisa þvílíkt mannvirki í hlíðum Elliðaárdalsins. Fólk lætur ekki lengur bjóða sér slíka skammsýni. Oft eru gamaldags tillögur settar fram, eins og t.d. að byggja bílastæðahús við Mjóddina í stað þess að leita einfaldari og ódýrari leiða, eða byggja

mislæg gatnamót þegar auðveldlega má stjórna umferðaöngþveiti sem myndast kannski tvisvar yfir daginn á annan hátt. Það er svo margt hægt að gera með breyttri hegðun en það þarf ekki alltaf að fara út í viðamiklar steypuframkvæmdir. Mér finnst að það sé búið að steypa alltof mikið s.l. ár, við ættum kannski frekar að búa til eitthvað úr allri þessari steypu sem komin er og nýta okkur hana á uppbyggilegan hátt.”

Mannlífið og starfsemin skipta mestu

“Skipulags- og umhverfismál snúast því miður of oft um staðsetningar bygginga og gerð en ekki um það sem miklu meira

máli skiptir, þ.e. hvaða starfsemi á að fara þar fram og hverskonar mannlíf,” segir Rut. “Mér finnst t.d. sárt að sá í hvað farvegi skipulagsmál hafa gjarnan verið, það hefur ekki verið hlustað nóg á íbúa og fagfólk heldur hafa sjónarmið og hagsmunir stjórnálaganna og byggingarverktaka alltof oft verið ráðandi að þessu leyti. Það ætti að vera sjálfsagt að umhverfis- og skipulagsmál fengu opna og opinbera gagnrýni á sama hátt og leikverk í leikhúsunum eru t.d. gagnrýnd. Engum finnst mikið til koma þó að leikhúsfólk fái harða opinbera gagnrýni, en á sama tíma er hægt að byggja stórhýsi eða heilu hverfin án þess að það fái nokkra umfjöllun eða gagnrýni. Ég veit ekki hvort þetta er vegna áhugalessis fjölmiðla og almennings eða hvort þetta eru of viðkvæm mál og pólitísk, kannski að því að það eru svo mikil völd og peningar í húfi.”

Íbúarnir verða að leggja sitt að mörkum

Rut segir nauðsynlegt að nýta það ástand sem er í dag til þess að fara í framkvæmdir sem ekki þurfi að kosta mikið og ekki að rasa um ráð fram. “Ég tel t.d. að ýmis opin svæði í Breiðholtinu séu lýti fyrir hverfið og við ættum að einbeita okkur að því að laga þau. Við gætum virkjað íbúana, vinnuskólana ofl. til að gera það, því að íbúarnir verða líka að taka ábyrgð á hverfunum sínum. Þeir geta t.d. lagt til vinnu ef borgin leggur efniviðinn til. Mér finnst því miður margir orðnir of uppteknir af réttindum sínum en vilja gleyma skyldum sínum - við þurfum að snúa þessu við. Við þurfum að skapa hugarfarsbreytingu og það ástand sem nú ríkir á að geta verið góður jarðvegur til þess að sá frægum nýrrar hugsunar að þessu leyti.

Vefsíða Rutar: www.rutkara.is



Helgihald í Fella- og Hólakirkju um páska

Pálmásunnudagur

Fermingarguðsþjónusta klukkan 11.

Sr. Svavar Stefánsson prestur Fellasóknar. Kór Fella- og Hólakirkju syngur og leiðir almennan safnaðarsöng og Jón Hafsteinn Guðmundsson leikur á trompet. Organisti er Guðný Einarsdóttir. Kirkjuverðir og meðhjálparar eru Kristín Ingólfssdóttir og Jóhanna F. Björnsdóttir.

Fermingarguðsþjónusta kl.14. Sr. Guðmundur Karl Ágústsson prestur Hólabrekkusóknar. Kór Fella- og Hólakirkju syngur og leiðir almennan safnaðarsöng og Jón Hafsteinn Guðmundsson leikur á trompet. Organisti er Guðný Einarsdóttir. Kirkjuverðir og meðhjálparar eru Kristín Ingólfssdóttir og Jóhanna F. Björnsdóttir.

Skírdagur

Fermingarguðsþjónusta kl.11. Sr. Guðmundur Karl Ágústsson prestur Hólabrekkusóknar. Kór Fella- og Hólakirkju syngur og leiðir almennan safnaðarsöng og Jón Hafsteinn Guðmundsson leikur á trompet. Organisti er Guðný Einarsdóttir. Kirkjuverðir og meðhjálparar eru Kristín Ingólfssdóttir og Jóhanna F. Björnsdóttir. Fermingarguðsþjónusta kl.14. Sr. Svavar Stefánsson prestur Fellasóknar. Kór Fella- og Hólakirkju syngur og leiðir almennan safnaðarsöng og Jón Hafsteinn Guðmundsson leikur á trompet. Organisti er Guðný Einarsdóttir. Kirkjuverðir og meðhjálparar eru Kristín Ingólfssdóttir og Jóhanna F. Björnsdóttir.

Föstudagurinn langi

Guðsþjónusta kl.11.

Prestur sr. Guðmundur Karl Ágústsson. Píslarsagan lesin. Kirkjukórinn syngur og leiðir almennan safnaðarsöng. Elfa Dröfn Stefánsdóttir mezzosópran syngur einsöng. Organisti er Guðný Einarsdóttir. Kirkjuverðir og meðhjálparar eru Kristín Ingólfssdóttir og Jóhanna F. Björnsdóttir.

Páskadagur

Hátíðarguðsþjónusta kl.8:00.

Sr. Svavar Stefánsson prédikar og sr. Guðmundur Karl Ágústsson og Ragnhildur Ásgeirsdóttir djákni þjóna fyrir altari. Ásdís Arnalds.sópran syngur einsöng og Jón Hafsteinn Guðmundsson leikur á trompet. Flutt verður hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinsonar og kór kirkjunnar syngur Hallelúja eftir Händel. Organisti er Guðný Einarsdóttir. Á sama tíma er barnastund í safnaðarheimilinu í umsjá Þóreyjar Daggar Jónsdóttur og Þóru Sigurðardóttur. Kirkjuverðir og meðhjálparar eru Kristín Ingólfssdóttir og Jóhanna F. Björnsdóttir. Boðið verður upp á morgunmat í safnaðarheimili kirkjunnar að lokinni guðsþjónustu.

Verið öll innilega velkomin í Fella- og Hólakirkju.



Páskatúlípanar

10 stk. **995kr.**

2 fyrir 1 á
„When in Rome“ fylgir fyrstu
200 tulípanavöndunum





GARDHEIMAR
10 ára!

Veiðikortið 2010

Veiddu í 32 vatnasvæðum vítt og breitt um landið fyrir aðeins

6.000 kr.

Vegleg handbók fylgir hverju seldu korti



Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is

Fæst hjá N1, veiðibúðum, www.veidikortid.is og víðar!
Frí heimsending þegar keypt er á www.veidikortid.is

Félagsstarfið í Gerðubergi sýndi á Íþróttadegi FÁÍA

Árlegur íþróttadagur FÁÍA (Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra) og afmælisýning í tilefni 25 ára starfsafmælis félagsins var haldinn á öskudag, 17. febrúar sl. í íþróttahúsinu Austurbergi í Breiðholti.

Að vanda var eftirvænting bæði þátttakenda, og þeirra er að undirbúningi komu, 17 hópar mættu til leiks. Það vakti athygli að Félagsstarfið í Gerðubergi var eini þátttakandinn á vegum félags og tómstundastarfs Reykjavíkurborgar. Einnig komu hópar frá félagsstarfi aldraðra í nágrennabyggðum á borð við Kópavog og Reykjanesbæ. Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsstarfsins í Gerðubergi segir það umhugsunarefni, þar sem ein af meginháherslum Velferðarsviðs fyrir eldri borgara er íþróttaiðkun og hvers konar líkamsþjálfun, að ekki kæmu fleiri, „að vera með skiptir máli“. Um 25 manns hittast að jafnaði tvisvar í viku til heilsuefningar auk þess sem gönguhópur er virkur í tengslum við félagsstarfið.



Félagsstarfið í Gerðubergi hefur staðið fyrir íþróttaiðkun um langa tíma og nú er einnig unnið að átaki um heilsuefningu. Myndin var tekin við upphaf kvennahlaups ÍSÍ frá Gerðubergi.

Árleg Páskaeggjaleit

Í Elliðaárdalnum laugardaginn 3. apríl kl. 14.00 við gömlu Rafveitustöðina

Krakkar, mömmur, ömmur, pabbar og afar

Sjálfstæðisfélögin í Breiðholti og Árbæjarhverfi efna til páskaeggjaleitar í Elliðaárdalnum 3. apríl kl. 14:00

Leitað verður að fagurlega skreyttum eggjum og börnin fá súkkulaðiegg

Keppt verður í húlakeppni og verðlaun veitt

Munið að taka með körfur eða poka undir eggin

Hittumst hress • Allir velkomnir

Stjórnir sjálfstæðisfélaganna í Breiðholti og Árbæjarhverfi



Hvað á bygging aldraðra við Hólberg að heita?

Eins og fram hefur komið í Breiðholtsblaðinu undirbýr Félag eldri borgara í Reykjavík nú byggingu 49 íbúða aldraðra við Hólberg 84 og verður húsið verður tengt Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Gert er ráð fyrir að fyrsta skóflustungan að byggingunni verði tekin laugardaginn 24. apríl eða tveimur dögum eftir sumardaginn fyrsta næst komandi.

Nú hefur verið ákveðið að efna til hugmyndasamkeppni um nafn á hina nýju byggingu. Æskilegt væri að fá hugmyndir um þjált og þægilegt nafn hvort sem hugmyndaauði býður að tengja það við Gerðubergssvæðið, tilgang hússins að hýsa eldri borgara og búa þeim góða aðstöðu til að sinna hugðarefnum sínum eða annað sem hljómar vel í eyrum og grípum í minni. Tillögur um nafn óskast sendar Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4, 110 Reykjavík, fyrir 6. apríl. Tillögur sendist í umslagi merktu Hugmyndasamkeppni um nafn.



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar kynnti hugmyndina um þjónustuíbúðirnar við Hólberg 84 á fundi í Gerðubergi á sínum tíma ásamt Hróbjarti Hróbjartssyni arkitekt. Með Vilhjálmi á myndinni er Þorsteinn Hjartarson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvarinnar í Breiðholti sem var fundarstjóri á kynningarfundinum.

Nafn sendanda og heimilisfang fylgi í lokuðu umslagi. Berist fleiri en ein tillaga um nafn það sem valið verður á húsið verður dregið um það hver verðlaun hlýtur. Þriggja manna dómnefnd fjallar

um tillögurnar. Hana skipa Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsstarfs í Gerðubergi, Lýður Björnsson sagnfræðingur og Unnar Stefánsson, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík.



NÝR STAÐUR

Í MJÓDD

Álfabakki 14

SUBWAY

Stóra upplestrarkeppnin í Fella- og Hólakirkju

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppni sjöunda bekkjar í Breiðholti fór fram í Fella og Hólakirkju 17. mars sl. 1. Verðlaunahafar voru Magnús Aron Sigurðsson úr Seljaskóla, Eva Hrund Sigurjónsdóttir úr Breiðholtsskóla og og Helga Sæunn Þorkelsdóttir úr Ölduselsskóla.

Aðrir þátttakendur í keppninni voru Helga Sæunn Þorkelsdóttir, Ölduselsskóla, Mirela Líf Þórsdóttir, Fellaskóla, Hákon Örn Grímsson, Hólabrekkuskóla, Magnús Aron Sigurðsson, Seljaskóla, Lilja Gunnarsdóttir Breiðholtsskóla, Sif Björgvinsdóttir, Ölduselsskóla, Alice Hafsteina Abena Kwakye, Fellaskóla, Sylvia Hall, Hólabrekkuskóla, Elísabet Ósk Stefánsdóttir, Seljaskóla og Eva Hrund Sigurjónsdóttir, Breiðholtsskóla. Umsjónarmaður með verkefni Þjónustumiðstöð Breiðholts var Inga Þóra Geirlausdóttir, sérkennsluráðgjafi auk hennar aðstoðuðu Hafdís Lilja Gunnarsdóttir þroskarpjálfi, Arnbjörg Eidsdóttir nýbúaráðgjafi og Guðrún Sigursteinsdóttir sérkennsluráðgjafi á ÞB við undirbúninginn.

Nemendur Tónskóla Sigurveysins lögðu til tónlistaratriði á lokahátíðinni. Hildur Sigurðardóttir lék á þverflautu og Halldóra Aradóttir á píanó Litla negrann eftir Claude Debussy. Mikael Máni Ásmundsson og Þorvaldur Már Guðmundsson á gítar léku lagið Going Home eftir Mark Knopfler úr kvikmyndinni Local Hero á rafgítar og Hrefna Björg Gylfadóttir og Hrafnhildur Jóakimsdóttir léku



Sigurvegarar og aðstoðarfólk að lokinni keppni í Fella- og Hólakirkju.

Sverðdansinn eftir Katchaturian fjórhent á píanó. Blómaverslunin Englar og Rósir Hólagarði gáfu blóm, Verslunin Krónan Jafnaseli gaf meðlæti með kaffinu, Þjón-

ustumiðstöð Breiðholts gaf kaffið og það sem því tilheyrir og Fella- og Hólakirkja lánuðu húsið endurgjaldslaut.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298
borgarblod@simnet.is
borgarblod.is

Breiðholtið í Eurovision

Breiðholtið á sinn fulltrúa í Eurovision eða söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fram fer í Osló á komandi vori. Hera Björk Þórhallsdóttir mun keppa þar fyrir hönd Íslands en Hera Björk er uppalin í Breiðholti. Hera komst í annað sæti í undanúrslitum fyrir danska ríkissjónvarpið á síðasta ári og munaði því litlu að hún keppti fyrir Danmörku í það sinn en hún var búsett þar um skeið.

Hera ræddi um bernsku sína í Breiðholti við Breiðholtsblaðið að loknum úrslitunum í Danmörku í fyrra og svo vildi til að viðtalið var að hluta tekið í flugvél á milli Íslands og Osló þar sem hún mun keppa á komandi vori. Á þeim tímavarki grunaði hana þó ekki að hún myndi stíga á sviðið í Óperuhúsinu við Oslóarhöfn að ári. Hera á ekki langt að sækja tónlistarhæfileikana. Móðir hennar er Hjördís Geirsdóttir, söngkona og fyrrum formaður Kórs Seljakirkju og móðurbróðir hennar var Gissur Geirsson einn þekktasti tónlistarmaður á Suðurlandi um langa tíð og margt söngfólk er að finna á meðal ættingja hennar. Í viðtalinu við Breiðholtsblaðið minntist hún æskuáranna m.a með þessum hætti. "Ef ég horfi afturábak til ára sem ég var að alast upp þá finnst mér þetta hafa verið æðislegur tími.



Hera Björk Þórhallsdóttir.

Breiðholtið var ævintýraheimur. Það var frábært að búa í Blöndubakkanum. Umhverfið var svo vel hannað og verndað. Skemmtilegt hvernig Bakkarnir eru byggðir. Stutt að skottast niður í Indíána-dal og við stálumst nú oftar en við máttum. Við vorum bara fimm ára og fannst að við hefðum algerlega stjórn á þessu. Við böðum um okkur í ánni og vorum ekkert að spá í hættur heimsins. Þegar við fluttum í Seljahverfið þá tóku endalausar nýbyggingar á móti manni."



Þessi rós var kosin feegursta rósina á Brúðkaups og Rósasýningu Garðheima helgina 6. og 7. mars s.l. Rósir heitir Mystery og er framleidd í Dalsgarði Mosfellsbæ.

PÁSKAR Í HÓLAGARÐI

Apótekið
lægra verð

BÓNUSVÍDEÓ
Leigan í þínu hverfi

fætur & fegurð
HÓLAGARÐI - LÖUHÖLLUM 2-4
SÍMI 557-9999



Boltinn í beinni

S: 567 8444
Krá • Sportbar
Smurbrauðstofa • Snittur
Gullnáman

reinn
efnalaug & þvottahús
síðan 1975

YR
HÁRSNYRTISTOFAN
HÓLAGARÐI **Sími 557 2653**

Gjafavörur, snyrtivörur og fylgihlutir í úr vali

Snyrtivöruverlsunin

Manar

Sími: 557 1644

Vönduð tískuföt á góðu verði
Stærðir 36 - 50

Vefta

Tískuföt
Hólagarði - 557 20 10
www.vefta.is

NAGLA FEGURÐ
Naglastofa ■ Skóli ■ www.naglafegurð.is

Sportvörur • Leikföng • Rífföng

Leiksport
Hólagarði

Sími: 557 5020

BÓNUS
býður betur



Englar og rósir

Mánud. - miðvikud.
kl. 12 - 18:30
Fimmtud - Laugard.
kl. 10 - 21:00
Sunnudaga
kl. 10 - 18:00

Græn hagræðing hjá borginni

Hvernig má auðvelda borgarbúum að flokka rusl til endurvinnslu? Hvernig má draga úr loftmengun? Hvernig má auka gæði grænna svæða í borginni og skapa svigrúm fyrir umhverfisfræðslu? Hvernig má bæta aðstæður til útivistar í borginni og gera ferðavenjur borgarbúa vistvænni? Þetta eru nokkrar af þeim spurningum sem Ellý Katrín Guðmundsdóttir, sviðsstýra Umhverfis- og samgöngu-sviðs Reykjavíkurborgar, sem einnig stýrir Framkvæmda- og eignasviði borgarinnar um þessar mundir, glímur við í starfi sínu með samstarfsfólki sínu.



Ellý Katrín Guðmundsdóttir, sviðsstýra gengur á undan með góðu fordæmi og hjólar. Hér er hún með reiðhjól sitt fyrir utan aðsetur Reykjavíkurborgar í Borgatúni.

Stefnumótun í umhverfismálum

Fjölbreytt og víðamikil starf fer fram á Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar meðal annars undirbúningur stefnumótunar í umhverfismálum og framkvæmd þeirra. Þar eru til að mynda bættar almenningssamgöngur á dagskrá, umferðarfræðsla og öryggi. Heilbrigðiseftirlit tilheyrir sviðinu, sorphirða frá heimilum, forhönnun samgöngumannvirkja, garðyrkja og dýraeftirlit svo fátt eitt sé nefnt. Ráð sviðsins er umhverfis- og samgönguráð en formaður þess er Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi.

Hjólreiðar í Reykjavík

„Ástand umhverfisins hefur bein áhrif á líðan fólks.“ segir Ellý Katrín. „Reykjavíkurborg hefur verið afkastamikil í stefnumótun á sviði umhverfismála undanfarin ár. Má þar nefna 2. útgáfu Staðardagskrár 21 fyrir Reykjavíkurborg, Reykjavík í mótun og einnig samgöngustefna fyrir borgina sem byggir á þremur stöðum: samgöngum, heilsu og borgarbrag. Ákvarðanir í samgöngumálum geta haft víðtæk áhrif, þær negla ekki bara niður afkastagetu umferðar frá einum stað til annars heldur hafa þær áhrif á allt umhverfi og mannlíf þar í kring,“ segir Ellý. Borgarstjórn samþykkti loftslags- og loftgæðastefnu fyrir

Reykjavík í lok síðasta árs, sem er brautryðjendaverk hér á landi. Nú í febrúar samþykkti borgarstjórn aðra stefnumótun sem er fyrst sinnar tegundar hér á landi, þ.e. um hjólreiðar í Reykjavík, Hjólaborgin. Borgarráð hefur einnig samþykkt græna samgöngustefnu fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar, Grænt skref í samgöngum.

Græn skref í Reykjavík

Ellý Katrín Guðmundsdóttir segist stolt af þeim grænu skrefum sem borgin hefur stigið á liðnum árum. Grænu skrefin fela í sér verkefni sem ætluð eru til að hvetja til vistvænnar hegðunar borgarbúa. „Ég vil nefna nokkur verkefni sem hefur verið hrint í framkvæmd. Sorphirðubílar borgarinnar ganga nú allir fyrir metangasi, starfsmenn geta nú notað reiðhjól sviðsins til að fara í styttri vinnuferðir, heimilum gefst kostur á endurvinnslutunnu, aukinn kraftur hefur verið settur í gróðursetningu trjáa og strætisvagnar hafa fengið forgangsreinar hér og þar, segir hún. Ennig hefur innleiðing vistvæna innkaupa verið hafin og öll efnanotkun á sviðinu verið endurskoðuð. Þá hefur Umhverfis- og samgöngu-

svið sótt um umhverfisvottun og býst við að hún fái stórt fjótlega,“ segir Ellý Katrín og að Vinnuskólinn sé orðinn Grænfánaskóli.

Aðlaðandi borg fyrir gangandi og hjólandi

Græn skref í Reykjavík eru framkvæmdaáætlan borgarinnar í umhverfismálum og hafa þau verið stigin jafnt og þétt síðastliðin ár. Nefna má auðveldari greiðslumáta í strætó, ókeypis í stæði fyrir vistvæna bíla, stefnu um rafbílavæðingu borgarinnar með raftengingum í bílastæðahúsum, tvöföldun hjóla- og göngustígs á Ægisíðu og í Fossvogi, kortlagningu gönguleiða skólalárna og endurskipulagningu á Miklatúni í samráði við borgarbúa þannig að það verði sælureitur.

Ellý Katrín segir að stefnan sé að gera borgina aðlaðandi fyrir gangandi og hjólandi. Það er til að mynda gert með því að breyta götum í vistgötur, loka hentugum götum í miðborginni fyrir bifreiðum á góðviðrisdögum. „Reykjavíkurborg vill vera öðrum til fyrirmyndar í umhverfismálum með því að vera lifandi og skemmtileg borg,“ segir Ellý Katrín að lokum.



Beðið eftir hádeginsbitanum á Subway í Mjóddinni.

Subway komið í Mjóddina

Subway opnaði skyndibitastað í Mjóddinni 19. febrúar sl. Er það fyrsti veitingastaðurinn þeirrar gerðar í Breiðholtinu en vill svo skemmtilega til að hann er 19 Subway staðurinn í Reykjavík.

Jóhanna Carlsson, verslunarstjóri Subway í Mjódd segir ánægjulegt að vera komin í Breiðholtinu og viðtökurnar hafi verið mjög góðar, „Það er greinilegt að Mjóddin er ákveðin miðstöð og

mannlíf þar á daginn. Það er mjög oft fullt hjá okkar í hádeginu og stöðugt eitthvað að gera allan daginn,“ segir Jóhanna. Þau bjóða alla hefðbundna Subwaybáta með nýju og fersku grænmeti í Mjóddinni og einnig svokallaða „party báta“, sem Jóhanna segir mjög vinsæla. „Fólk getur pantað þá með svona tveggja tíma fyrirvara þegar það á von á gestum eða eitthvað stendur til.“

Úrval

fermingargjafa

GULLSMIÐURINN

Í MJÓDD

Sími: 567-3550



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson

Þegar andlát ber að

Síðastliðin 20 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • utfarir@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

KANADAFERÐIR 2010

Winnipeg – Beint Flug

Vesturheimur sf býður ferðir til Winnipeg í Kanada sumarið 2010 í samvinnu við Þjóðræknisfélag Íslendinga og Iceland Express.

Íslendingadagshátíð á Gimli í ágústbyrjun:

Tvær ferðir;

Flug til Winnipeg 24. júlí og heim 4. ágúst

og 28. júlí - 4. ágúst

Flug, gisting og ferðir til og frá Gimli

Verð frá: 158.300**m.v. tvíbýli

Klettafjöll 7. - 18. ágúst -

Verð frá: 248.600**m.v. tvíbýli

Golf í september: vikuferð* kr. 219.000 m.v. tvíbýli**



Upplýsingar og pantanir í síma 861-1046
09:00-16:00 eða á jonas.thor1@gmail.com
Nánari upplýsingar um ferðirnar á
www.vesturheimur.com



**m.v. gengi 4. janúar, 2010

Sameiningunni vel tekið

Útibú Arionbanka í Kópavogi og Mjódd voru sameinuð í október á síðasta ári í stórt og öflugt útibú sem er staðsett í Turninum við Smáratorg. Nýlega var tilkynnt um frekari sameiningar á höfuðborgarsvæðinu en í haust verða þrjú útibú bankans sameinuð í eitt glæsilegt útibú í Húsgagnahöllinni við Bíldshöfða. En hvað vinnst með svona breytingum, hvernig hafa viðskiptavinir tekið þeim. Breiðholtsblaðið leit að er svara hjá Gunnari Jóakimsyni útibússtjóra í nýlega sameinuðu Smáraútibú.

Gunnar segir ljóst er að miklar kröfur séu gerðar til bankana um að hagræða og skera niður kostnað. Með sameiningu útibúa megi ná fram mikilli hagræðingu og sparnaði, í flestu tilfellum án þess að það komi niður á þjónustunni. "Í raun má segja að þjónustan geti jafnvel batnað, því ef vel tekst til



Arionbanki í Kópavogi.

þá er hægt að veita fjölbreyttari og öflugri þjónustu í stærri einingunum, með minni tilkostnaði. Það er einmitt okkar reynsla af sameiningu Mjóddar og Kópavogsútibúanna í eitt útibú - Smáraútibú." Gunnar segir að þeir 26 starfsmenn sem starfa í útibúinu í dag veiti fjölbreyttari og öflugri þjónustu en þeir 43 starfsmenn sem störfuðu í þremur aðskildum útibúum. "Okkar upplifun er að viðskiptavinirnir hafi í langflestum tilfellum tekið breytingunum vel og margir þeirra hafa lýst yfir mikilli ánægju með hagræðingaraðgerðir bankans. Viðskiptavinir okkar eru líka ánægðir með að sjá sömu andlitin og sinntu þeim í gömlu útibúunum í nýju sameinuðu útibú. Þeir viðskiptavinir

sem töldu sig fá lakari þjónustu en áður var einkum eldra fólk ið sem var í göngufæri við útibúin og hafði ekki tileinkað sér notkun netbankans. Við höfum reynt eftir megni að koma til móts við þennan hóp t.d. með því að koma á sjálfvirkum færslum þannig að fólk kemst hjá því að gera sér ferð í útibúið. Almennt séð má því segja að sameiningin hafi tekist mjög vel. Staðsetningin á Smáratorgi er góð enda er útibúið á fjölsóttu verslunarvæði og í alfaraleið. Frá sameiningunni hefur fjöldi viðskiptamanna heimsótt útibúið og á næstunni stendur til að bjóða til opins kynningarfundar á útibúinu. Við vonumst sjálfsögðu til að sjá sem flesta," segir Gunnar.

Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

ALLTAF FULLT BORD
AF FERSKUM FISKI
OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ  HÓLMGEIRS

Fékkstu endurskoðun á bílinn?
Er farið að heyrast skrölt og ískur í bílnum þínum?

Við tökum að okkur allar smáviðgerðir bremsur, dempara tímareimar, stýrisenda, gorma, perur o.fl. á öllum bílum. Örugg og góð þjónusta með áralanga reynslu að baki. Hringdu og pantaðu tíma s: 445-4540 / 697 4540 eða kíktu við, á Viðarhöfða 2 (Stórhöfða megin), 110 Reykjavík. Við tökum vel á móti þér, hlökkum til að sjá þig.

BÍLÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhlíða smáviðgerðir

Tímabantar s: 445 4540 / 697 4540



Teppalagt
tækifæri
fyrir stigaganga

HRINGDU NÚNA
533 5060

Vönduð og slitsterk, þéttofin teppi sem auðvelt er að þrifa

Bjóðum heildarlausnir, þegar endurnýja á gólfteppi í stigagöngum í fjölbýlis- og sambýlis-húsum. Við mætum og gerum tilboð í efni og vinnu. Tökum saman næstu skref í Ármúla 32 eða í síma 533 5060.


Stepp

Ármúla 32 · 108 Reykjavík · Sími 533 5060 · Fax 533 5061 · www.stepp.is

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Árni Jónsson, deildarstjóri hjá ÍTR í Nauthólsvík er alin upp í Breiðholtinu nánar tiltekið í fellunum. Foreldrar hans eru Marlín Elísabet Samúelsdóttir, verslunarmaður og Jón Oddur Kristófersson, járnsmiður – betur þekkt sem Mallý og Nonni í vinahóp fjölskyldunnar. Hann rifjar Breiðholtsbernskuna upp að þessu sinni.

Þetta voru skemmtilegir tímar

Við fluttum í Unufellið sama árið og ég fæddist 1972. Þau gömlu losnuðu frekar seint við mig því ég var heima fram yfir tvítugt. Ég er yngstur þriggja systkina eða örverpið eins og ég fékk oft að heyra og naut þess í ýmsu m.a. í að flakka á milli herbergja eftir því sem þau losnuðu.

Að vera örverpi var samt ekki alltaf til góðs. Pabbi var til dæmis duglegur við að keyra systur mína sem er elst okkar. Hún var í tiskubransanum og hann hafði gaman af því en ég hafði lítið upp úr því að hringa heim og biðja um að vera sóttur. Það þótti bara sjálf-sagt að ég kæmi mér sjálfur heim. Ég held að pabbi hafi einu sinni reiddaði fari fyrir okkur strákana en fór ekki sjálfur af stað. Við höfðum verið á æfingu í Álfamýrarskóla. Það var kolviltlaus veður og ófærð og við lögðum ekki í að fara sjálfir upp í Breiðholt. Þá greip pabbi til þess ráðs að fá rannsóknarlög-reglumann sem ég man ekki hvað heitir en bjó þá í öðrum stigagangi í Unufellinu til þess að sækja okkur. Hann var með einhvern öflugan bíl – svona hálfgerðan truck sem komst yfir flestar torfærur. Ég hafði annars viðkomu í ýmsum íþróttafélögum. Var í körfu með ÍR. Hjartað tók þó aldrei að slá með þeim þar á bæ og ég er Valsari í dag en það blundar líka mikill Leiknismaður í mér og ég hef sterkar tilfinningar til þess félags.

Barnafjöldinn er eftir-minnilegastur

Barnafjöldinn er eftirminnilegastur í minningunni hjá mér frá þessum árum í Unufellinu. Það voru krakkar allsstaðar. Úti um allt. Ég held að það hafi verið allt að 40 krakkar í sumum stigagöngunum. Svona eins og búa við heila götu í dag. Ég var alltaf nokkuð félagslyndur og eignaðist því margar góða vini og kunningja þegar á bernskuárunum. Svo var ég alltaf fremur stilltur. Mamma var iðin við að banna mér. Hún bannaði mér að klifra í nýbyggingum sem var mikið sport hjá krökkum á þessum tíma og að renna mér eftir handriðum. Til er saga af því þegar mamma rassskelli mig í síðasta skipti sem var líka hennar síðasta flenging. Ég hafði prufað að svara henni með orðum sem sumir vina minna notuðu þegar þeir svöruðu mæðrum sínum. Henni líkaði orðbragðið illa sem varð tilefni flengingarinnar og hún uppskar líka tvo bólgna putta. Þessi saga varð talsvert lífseig og var stundum rifjuð upp til gamans þegar fólk kom saman. En út af þessu þá stóð ég bara hjá þegar strákarnir voru með prakkarastrik. Ég var meira á hliðarlínunni.

Skrifaði bréf til RÚV

Ég var líka hræddur við suma. Fellin áttu dugmestu villingana á þessum tíma. Þetta var samfélaginu að kenna og í umræðum úti frá vildi fólk gjarnan setja alla undir sama hattinn. Allir fegnu villingastimpilinn á sig. Ég man að ég skrifaði eitt sinn bréf til Ríkisút-

varpsins og skammaði fréttamenn fyrir að tala niður til Fellanna. Þeir töluðu gjarnan um Fellin sem vandraðahverfi og krakkaskarinn átti almennt á brattann að sækja þótt væri fyrir tilverknað fremur fárra. Því miður hefur Fellahverfið allaf glímt við ákveðna fordóma sem urðu til á fyrstu árunum þar efra og sú mýta var lífseig að það væri hreinlega stórhættulegt að vera þar svo fráleitt sem það annars var og er. Þetta er ímyndarvandi sem erfitt hefur reynst að breyta.

Örlygur hafði mjög góð tók á okkur

Ég man að mér fannst gaman í leikskólanum og átti einnig mjög góðar stundir í Fellaskóla. Ég hef enn samskipti við kennara sem ég var hjá. Það urðu ýmsar breytingar þegar Örlygur Richter varð skólastjóri. Hann innleiddi nýjar áherslur og tókst að gjörbreyta stemningunni í skólanum. Hann lagði sig fram um að kynnast krökkunum og þekkti marga nemendur með nöfnum sem varla hefur verið auðvelt í þessum fjölmenna skóla eins og Fellaskóli var á þeim tíma. Ég man að eitt sinn kom einhver nemandi fullur á ball í skólanum en það varð ekkert vesen út af því. Honum var þara sagt að gera þetta ekki aftur. Örlygur hafði mjög góð tók á okkur nemendunum þótt margir utanaðkomandi héldu að allt væri í veseni í þessum skóla. Ég var í nemendaráði og við brölluðum ýmislegt. Héldum meðal annast sérstakt Bubba kvöld þar sem Bubbi Morteins kom og spilaði. Hann mætti reyndar klukkutíma of seint svo tónleikarnir drögust nokkuð fram yfir leyfilegan tíma. Ég man ekki til að neinn eftirmáli hafi spunnist af því þótt djammaði hafi dregist á langinn auk þess að vera fyrir daga edrúmennsku rokkkóningsins.

Fellahellir var annað heimili

Og svo kom Fellahellir. Ég held að opnun hans hafi skipt algerum sköpum fyrir krakkana í hverfinu. Reyndar vil ég meina að Fellahellir sé með betur heppnuðu tómsundastarfi og afþreyingu fyrir krakka og unglinga sem fundin hefur verið upp hér á landi. Fellahellir var annað heimili margra. Fellahellir varð til fyrir tilverknað ÍTR og Sverrir Friðþjófsón, faðir Sveppa var fyrsti forstöðumaðurinn og mótaði starfið að þörfum



Glaður í bragði í Unufellinu.



Jól í Unufellinu.

krakkanna. Margrét Sverrisdóttir síðar stjórnmálamaður tók svo við og stýrði þessu með ágætum. Hún var bæði liðleg og hress og ég man ekki að nokkur tíman hafi verið neitt vesen þrátt fyrir kraftmikil og óstýrilát ungmenni. Fellahellir var opin öll kvöld frá klukkan átta til ellefu og það var nánast skyldumæting þangað. Það var dansað á kvöldin og ég held að Fellahellir hafi hreinlega bjargaði mörgum þarna. Krakkarnir fengu útrás en báru virðingu fyrir staðnum. Þarna var skjól fullt af krökkum sem bjuggu ekki alltaf við bestu aðstæður en gátu komið þangað, hitt vinina og verið á öruggum stað. Fellahellir var öruggari fyrir suma en að vera heima því það bjó talsvert af fólki sem átti í erfiðleikum með sjálft sig í hverfinu. Ég man að eitt sinn kviknaði í keramikofninum í Fellahelli og daginn eftir var skari af krökkum mættur til þess að hjálpa til við að þrifa sót og önnur óhreiniindi svo hægt væri að hafa opið um kvöldið. Þau gátu ekki hugsað til þess að Fellahellir yrði lokaður þótt ekki væri nema eitt kvöld.

Eggjakerlingarnar voru skrítnar

Fyrir utan Fellahelli áttum við einskonar heimili í Júbósjoppinni og á Kandís sem var fyrsta hamborgaragrillið í Fellunum. Svo mikið var sótt á Júbó að Donni



Ungur maður á leið í Fellahelli sem Árni segir hafa verið annað heimili sitt á unglingsárunum.



Árni Jónsson.

af því sem er mér í minni er baráttan um strætóferðir neðan út bæ og upp í Fell. Strætó var með ferðir uppeftir á kvöldin en vagnarnir litu ekki alltaf vel út eftir þessar ferðir – einkum eftir þær síðustu á kvöldin. Ég veit ekki hvað hægt er að troða mörgum í venjulegan strætisvagn en ég er viss um að stundum voru yfir eitt hundrað krakka í einum vagni og þá er auðvelt að ímynda sér útganginn. Við vildum bæta einni ferð við en svarið við þeirri málalitan var að ferðunum var fækkað um eina. Eftir það fóru krakkarnir að slá saman í leigubíla til að komast heim. Svo má ekki gleyma Seljastríðunum. Þetta voru alvöru hverfastríð. Þau byrjuðu með smá riskingum sem urðu að stærri bardögum. Ég man að einum félagi mínum hafði verið harðbannað að koma nálægt þessu og svo var ein morguninn mynd af honum á forsíðu DV þar sem hann var að kasta spýtu í lögreglubíl. Síðar frétti ég að hann hafi fengið nokkuð óblíðar móttökur heima síðar um daginn.

Brennuglóðin lifði fram á þrettándann

Á gamlárskvöld stóðum við fyrir brennu ofan við Unufellið. Þetta var allt öðru vísi í þá daga en er nú. Miklu rýmri reglur. Brennukóngurinn bar ábyrgð á brennunni og við strákarnir byrjuðum um miðjan desember að safna efni í hana. Við betluðum bretti úr Hagkaup og víðar og við vorum tvær vikur að hlaða hana þetta. Stundum laumuðumst við að hafa eitt og eitt bíldekk með því þá logaði betur. Glóðin var alltaf nokkra daga að deya út og við kepptumst við að hafa brennuna sem þéttasta til þess að glóðin lifði lengur. Okkur tókst eitt sinn að láta hana loga fram á þrettándann. Við höfðum gert hana svo þetta. Í dag kæmi slökkviliðið strax á staðinn ef einhverjum dytti þetta í hug. Boðin og bönnin eru allsstaðar orðin í fyrir-rúmi. Og nú erum við að kalla þetta lið til endurfunda. Búin að ákveðja að hafa endurfundapartý. Við köllum þetta KRON liðið. Þetta er ekki nákvæmlega skilgreindur hópur. En kraftmestu villingarnir úr hinum hverfunum sóttu dálítið til okkar þótt við værum oftast þrúðir. Þetta verður gaman. Ég hlakka til að hitta þessa gömlu félagi. Þetta voru skemmtilegir tímar.

Átak þarf í atvinnu- málum í Reykjavík

Niðurskurður á viðhaldi og rekstri í hverfum borgarinnar er um 50% á þessu ári og því síðasta hjá borginni. Þess sér því miður víða stað og borgarþágar munu finna áhrifin í minni snjómokstri, þrífum og því að bið verði á að eðlilegu viðhaldi útsvæða, skóla og leikskóla. Þetta eru þeir málaflokkar sem þurfa að búa við langmestan samdrátt eftir hrun. Við samþykkt fjárhagsáætlana hefur verið tekist á um þessar áherslur þar sem mörg þessara verkefna veita fjölmörgum smærri fyrirtækjum og starfsfólki vinnu auk þess að skipta verulegu máli fyrir ásýnd borgarinnar. Í nýrri þriggja ára áætlun eru átakalínurnar í atvinnuáætlunum að skerpast enn frekar.

Samfylkingin vill að Reykjavíkurborg ráðist í nauðsynlegt viðhald og framkvæmdir á næstu þremur árum og haldi þannig uppi atvinnu í mestu kreppunni. Sjálfstæðisflokkurinn boðar frjálshyggju og afskiptaleysi og boðar 70% niðurskurð í framkvæmdum næstu þrjú árin. Þetta birtist í þriggja ára áætlun um framkvæmdir og rekstur Reykjavíkurborgar sem meirihluti borgarstjórnar kynnti í síðustu viku.

Fjárfesting úr 10 milljörðum í einn

Þriggja ára áætlun meirihlutans felur nánast í sér framkvæmdastopp. Heildarfjárfesting A-hluta borgarinnar á tímabilinu á að vera 6,6 milljarðar sem er minna en framkvæmt hefur verið á meðalári að undanförunu. Þess má geta að árið 2008 var framkvæmt fyrir 10,3 milljarða en framkvæma á fyrir 1,3 árið 2013 samkvæmt hinni nýju áætlun. Þetta samhengi sést vel á meðfylgjandi mynd.

Ekki gert ráð fyrir Hverahlíðavirkjun

Þá vekur sérstaka athygli að í þriggja ára áætlun Orkuveitu Reykjavíkur er ekki gert ráð fyrir fjármögnun eða framkvæmdum við Hverahlíðavirkjun en góð sátt hefur verið um þá framkvæmd frá umhverfissjónarmiðum. Skýringanna er að leita í því að meirihlutinn hefur keyrt fjárhag fyrirtækisins út á ystu nöf með því að fjórfalda skuldir þess á fjórum árum, þrátt fyrir viðvaranir. Ljóst er að leita þarf nýrra leiða við fjármögnun Hverahlíðavirkjunar. Virkjunin er lykilsenda fyrir orkuöflun til fjölmargra atvinnuskapandi verkefna.


Áfram niðurskurður í viðhaldi og sumarstörfum

Rétt er að minna á að til viðbótar niðurskurði í framkvæmdum hefur meirihlutinn þegar skorið niður í viðhaldi fasteigna úr 1.323 milljónum 2008 í 734 milljónir á yfirstandandi fjárhagsáætlun. Þetta er helmings niðurskurður í mannaflsrekustu verkunum. Enn meiri niðurskurður er í viðhaldi gatna og umhverfi borgarinnar þar sem farið er úr 1.323 milljónum árið 2008 í 611 milljónir króna á yfirstandandi ári. Þá er ótalið að sumarstörfum tækkar hjá

umhverfisviði og framkvæmdasviði auk íþróttatö og tómstundasviðs eða samtals um 300 störf.

Samfylkingin setur atvinnu- málin númer eitt

Samfylkingin mun leggja sérstaka áherslu á atvinnuáætlun í aðdraganda borgarstjórnarkosninga og boðar breytingartillögur við framlagða þriggja ára áætlun. Í þessum atvinnuáherslum fara saman hagsmunir fjölskyldna, hverfanna og velferðarmálanna. Til að fylgja þeim eftir hefur Samfylkingin ítrekað flutt tillögur um átak í viðhaldsverkefnum, mótun atvinnustefnu, nýtingu á tómu húsnæði í þágu nýsköpunar og atvinnueflingar auk annarra tillagna flokksins um atvinnuáætlun í borgarstjórn á þessu kjörtímabili. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hefur sýnt þessum tillögum ótrúlegt fálæti.



Mynd 9: Áætlaðar fjárfestingar og gatnagerðargjöld.

Dagur B. Eggertsson segir að Reykjavíkurborg verði að ráðist í nauðsynlegt viðhald og framkvæmdir á næstu þremur árum og halda þannig uppi atvinnu í mestu kreppunni.

Hanna Birna boðar frjálshyggju

Athyglisvert var að í borgarstjórn brást Hanna Birna Kristjánsdóttir við gagnrýni Samfylkingarinnar með þeim orðum að ljóst væri að Samfylkingin „hefði ekki trú á atvinnulífinu“. Líklega er þarna um að ræða einhverja ómenguðustu frjálshyggjustefnu í atvinnuáætlunum sem kynnt hefur verið frá hruni. Það á ekkert að gera – bara bíða. Klassísk jafnaðarstefna á krepputímum er þvert á móti sú að þá sé réttlætlanlegt og mikilvægt að stuðla að atvinnu með opinberum fjárfestingum og átaki í tímabærum viðhaldsverkefnum, eftir því sem kostur er. Óhætt er að segja að hinar pólitísku átakalínur séu að skýrast.

Dagur B. Eggertsson er oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Það besta í Breiðholti

„Breiðholt er frábær paradís. Hér er stutt í alla verslun, grunnskóla, leikskóla, framhaldsskóla, sund, bókasafn og íþróttastöðu. Hér eru börn örugg þar sem leiksvæði eru beint fyrir utan húsið og engar götur nálægar. Svo má ekki gleyma frábæru útsýni yfir bæinn, sjóinn, nágrenni Reykjavíkur, allan fjallahringinn og nálægðin við náttúruna er ómetanleg. Elliðaárdalurinn er frábært göngu-, skokk- og hjólasvæði.“ Þetta sagði Guðlaugur Jörundsson vinur minn á fésbók. Tilefnið var að ég hafði verið að hugsa um hverfið mitt, ágæti þess og hvað mætti betur fara og spurði á fésbók: „Hvað finnst ykkur fésbókavinnu minum vera það besta við Breiðholt-ið?“ Viðbrögðin voru mögnuð, 57 athugasemdir þar sem fólki var mikið í mun að koma sinni bestu upplifun af Breiðholti á framfæri. Hér deili ég með lesendum Breiðholtiðsins því besta við Breiðholt-ið, því aldrei er góð vísa of oft kveðin.

Náttúran, grænu svæðin og veðrið

Langoftast var náttúran sem umlykur okkur fólkið og hverfið nefnd til sögunnar. „Stutt í náttúruperlurnar í Elliðaárdal“ og útsýnið var einnig margnefnt. Allir skemmtilegu göngustígarnir í hverfinu voru nefndir, frábærar hlaupaleiðir, dalurinn í Seljahverfi og Eyjan milli Fella, Hóla og Berga. Samkvæmt konu sem býr í Fellunum er yndislegt að búa í Breiðholti, alltaf logn, gott útivistarsvæði, rólegt og afslappað umhverfi. Ekki er nóg með það

heldur er Breiðholt-ið miðsvæðis og stutt til allra átta.

Börnin og fjölbreytileikinn

Breiðholtið er svo sannarlega að meta hverfið og lýstu því sem barnvænu í alla staði og vel skipulögðu. Fésbókavinnir mínir nefndu þar að auki að í Breiðholti væru góðir skólar, besta sundlaugin og að kostir Breiðholtiðsins fælust í Gerðubergi, klassíska listdansskólanum í Mjódd, Fjölbreyttaskólanum, tónlistarskólanum, bókasafninu og ÍR.

Mannlífið í Breiðholti er einn besti kostur þess sem og fjölbreytileikinn sem margir nefndu. Í þessu hverfi býr fólk af öllum stéttum og þjóðernum og margir útlendingar búa þar. Einn fésbókavinnur minn var frekar róttækur „Eddufellið, og gettóstíllinn í Fellunum, það er enginn vafi.“

Bara allt

María Rúnarsdóttir fésbókavinnur minn náði að fanga margt í sinni athugasemd. Ég leyfi því henni að eiga lokaorðin: „Í Breiðholti er alla þjónusta að fá, Gerðuberg-ið er frábært og með skemmtilegri bókasöfnun sem

er að finna í borginni með kaffihúsið frammi, lista- og verkasýningar á ganginum og samfélagið við ólíka hópa. Í Breiðholti er svo fjölbreytt mannlíf, ungt fólk, eldri borgarar og útlendingar sem gerir hverfið skemmtilegt. Sundlaugin í Breiðholti er frábær og þar er besti nuðpotturinn. Svo er það Mjóddin - Elliðaárdalurinn og síðast en ekki síst er Breiðholt-ið miðja höfuðborgarinnar, þaðan er stutt í allar áttir, hvert sem maður vill fara þá þarf ekki að fara endanna á milli borgarinnar/höfuðborgarsvæðisins.“

Nú þegar Breiðholtið kemur út verður ekki úr vegi að ég spyrji á fésbók: Hvað má betur fara í Breiðholti?

Nú þegar Breiðholtið kemur út verður ekki úr vegi að ég spyrji á fésbók: Hvað má betur fara í Breiðholti?

Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi og íbúi í Depluhólum (áður í Austurbergi, Æsufelli, Vesturbergi, Eyjabakka og Hjaltabakka).



Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi hefur búið á nokkrum stöðum í Breiðholti.

HYSIR.IS



TAKTU ÞÁTT Í FERMINGARLEIK KLASSA

Leggðu grunn að fjárhag framtíðarinnar með því að ávaxta fermingarpénigana vel. Ef þú leggur 15.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans færðu flotta tósku frá Landsbankanum að gjöf.

Heppinn þátttakandi getur unnið iPod touch 32GB.

KLASSI.IS | 410 4000



Breiðholtið

Auglýsingasími:

511 1188 &
895 8298

borgarblod.is

HÁGÆÐI

HÁGÆÐA HÚSAVIÐGERÐIR

Sími: 565-7070

www.husavidgerdir.is
info@husavidgerdir.is

FERMINGARTILBOÐ

FESTINA

Hönnun - Styrkur



18.900 kr.
Stál
50 m
Öryggislás



14.980 kr.
Stál 50 m
Auka leðuról fylgir

19.900 kr.



GULL-ÚRIÐ • MJÓDDINNI

Álfabakka 16 • sími 587 4100

Axel Eiríksson úrsmíðameistari



TIL UMHUGSUNAR

Eftir sr. Gísli Jónasson

Er Guð eins og ég?

Við þekkjum það vafalaust flest, hversu gjörn við erum á það, að gera kröfur um, að við getum skilgreint og skilið Guð. Sumir gera það jafnvel að úrslitaatriði um afstöðu sína til hans. Þeir verði að geta skilið hann og skilgreint, nánast út í hörgul, til að hægt sé að trúá á hann og boðskap hans. Hann verði í einu og öllu að uppfylla kröfur og dóma mannlegrar skynsemi til að verða ekki hreinlega dæmdur úr leik. Og þessvegna bæta sumir því líka við, að vegna þess að svo margt í Biblíunnar sé þeim ýmist óskiljanlegt eða stangist að þeirra dómi á við mannlega skynsemi, þá hljóti þeir þess vegna að hafna Guði og trúnni á hann.

Fyrir mér er þessu hinsvegar alveg öfugt farið. Mér finnst það nefnilega einmitt svo mikið fagnaðarerindi, að Guð skuli ekki vera eins og ég! Því væri í alvöru talað eitthvað varið í þann Guð, sem við mennirnir gætum skilið, útskýrt og skilgreint? Þann Guð, sem m.ö.o. væri meira og minna eins og við? Hver vildi í raun og veru eiga slíkan Guð? Ófullkominn, mistækan og breiskan Guð, sem væri bara, þegar upp er staðið, eins og hver annar maður? Væri eitthvað unnið með því að leggja traust sitt á slíkan Guð?

Ætli við hljótum ekki flest að svara þeirri spurningu neitandi þegar við hugsum okkur um?

En hversvegna erum við þá samt svo oft ósátt við það, að geta ekki skilið og útskýrt allt sem Guði viðkemur? Það er mér í raun hrein ráðgáta. Ein af þessum óútskýranlegu þversögnum tilverunnar. Er það ekki einmitt gleðiboðskapur, já, hreint fagnaðarerindi, að Guð skuli ekki vera eins og við? Að kærleik-

ur hans er þvílíkur, að það vekur undrun okkar og furðu? Að miskunnsemi hans og náð er slík, að við getum ekki útskýrt hana mannlegum rökum?

Fyrir mér er það a.m.k. hreint fagnaðarerindi, að lesa orð eins og þessi, sem skráð eru í 55. kaflann hjá Jesaja spámanni:

“Mínar hugsanir eru ekki yðar hugsanir og yðar vegir ekki mínir vegir, segir Drottinn. Eins og himinninn er hátt yfir jörðinni eru mínir vegir hærrí yðar vegum og mínar hugsanir hærrí yðar hugsunum.”

Það veitir mér einmitt svo mikið öryggi, að mega vita það, að Guð er mér algjörlega eðlisólíkur. Að hann sé mér svo miklu æðri, og allar hans hugsanir og allir hans vegir, að ég fái í raun aldrei skilið eða skilgreint. Fyrir það vil ég þakka og bið þess, að hið lífgefandi og skapandi orð hans, megi fá að umskapa huga minn og hjarta til þeirrar þjónustu sem hann hefur kallað mig til í þessum heimi. Þannig að ég fái fyrir hans handleiðslu og blessun, að verða sá samverkamaður, sem hann með einhverjum hætti fær notað náunganum til blessunar. Því til þess erum við einmitt kölluð, þótt við séum ófullkominn og breisk, að vera samverkamaðni hans á jörðu. Og þótt við finnum okkur vafalítið oft vanmáttug og smá frammi fyrir slíku verkefni, þá megum við samt setja traust okkar á hann, sem er okkur hærrí og meiri. Við megum treysta því, að hann bæði vill og getur gefið okkur allt það, sem við þurfum á að halda til þjónustunnar. Því hefur hann raunar beinlínis heitið og orðum hans megum við treysta, vegna þess að hann er Guð, en ekki maður eins og við.



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfarastjóri



Frímann Andrésson
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum

Önnumst alla þætti útfararinnar

ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Gegn atvinnuleysi á heimaslóð

Í vikunni er leið var undirrituð samstarfsyfirlýsing ríkis og borgar um virkjun atvinnulauss ungs fólks. Atvinnuleysi ungs fólks er áhyggjuefni og reynsla annarra þjóða sýnir að ef ekki er leitað allra leiða til að virkja ungmenni til þátttöku í samfélaginu getur fórnarkostnaðurinn orðið háur. Þegar er kominn góð reynsla á námskeið sem ÍTR, Hitt húsið og átak Félags - og tryggingarmálaráðuneytis um „Ungt fólk til athafna“ hafa staðið fyrir. En betur má ef duga skal. Atvinnu-málahópur borgarinnar hafði frumkvæði að því að leiða saman frístundamiðstöðvar borgarinnar í nokkrum hverfum og framhaldsskóla á sama stað, með það að markmiði að halda betur utan um ungmenni sem hvorki fóta sig í skóla né á vinnumarkaði. Að samstarfinu hefur Reykjavíkurdéild Rauða Krossins einnig komið og sýnt verkefninu lofsverðan áhuga.

Í Breiðholtinu vatt verkefnið upp á sig svo um munar og samstarfshópurinn er stór og öflugur. ÍTR, Frístundamiðstöðin Miðberg, Fjölbrautarskólinn í Breiðholti, Þjónustumiðstöð Breiðholts, Námsflokkar Reykjavíkur, Rauði Krossinn og Gerðuberg hafa nú

tekið höndum saman og munu í sameiningu virkja ungt atvinnulaust fólk í Breiðholti til þátttöku.

Það hefur verið ákaflega gefandi að fylgjast með samstarfinu þrást. Framtíð þjónustu borgarinnar á heima úti í hverfunum þar sem þekkingin á þörfum íbúanna býr. Hún býr ekki bara á miðlægum grunni, hún leysist úr læðingi á heimaslóð þar sem börn breytast í krakka, svo í unglina og loks í fullorðið fólk. Starfsfólk sem sinnir margvíslegri þjónustu í hverfum borgarinnar þekkjja þarfar íbúanna best. Það er til mikils að vinna að ryðja burtu múrum milli stofnanna og taka höndum saman til að tryggja velferð unga fólksins okkar.

Samfylkingin hefur tröllatrú á því að þjónusta sem fær að þrást sjálfstætt úti í hverfunum er betri og hagkvæmari þjónusta. Þess vegna hefur Samfylkingin ein

flokka talað fyrir minni yfirstjórn og flutning þjónustu út í hverfin. Samstarf um atvinnulaus ungmenni í Breiðholti færir okkur heim sanninn um það að sú hugmyndafræði virkar. Ég óska Breiðhýltingum til hamingju með sínar flottu stofnanir og hlakka til að starfa áfram með þeim að fjölbreyttum verkefnum á heimaslóð.



Oddný
Sturludóttir.

Oddný Sturludóttir
Höfundur er borgarfulltrúi og
formaður Atvinnuálagshóps
borgarstjórnar.

Úrval af nýjum fiski

Sjósiginn fiskur

Sólpurkaður saltfiskur

Opið virka daga frá 10 til 18 og
laugardaga fram yfir hádegi.

Fiskbúð Einaris

Arnabakka 4-6 • Sími: 551 1439 - 897 3639

Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Fullbúð af spennandi
sumarfatnaði

Alltaf eitthvað nýtt á hverjum degi.

Verið velkomnar.

Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900

Páskaeggjaleit við gömlu Rafveitustöðina

Félag sjálfstæðismanna í Breiðholti og Árbæ munu efna til páskaeggjaleitar fyrir börnin í Elliðaárdalnum við gömlu Rafveitustöðina laugardaginn 3. apríl næstkomandi kl. 14:00 Þetta er í fjórða skiptið sem félagið stendur að páskaeggjaleit og er það orðin hefð að hún er haldin laugardaginn fyrir páskadag.

Raggý Björg Guðjónsdóttir segir að þátttakendum í páskaeggjaleitinni hafi farið fjölgandi ár frá ári og um þúsund manns hafi mætt á síðasta ári; krakkar, mömmur, ömmur, pabbar og afar. "Það var ánægjulegt að sjá börnin streyma að í páskaeggjaleitina og spenningurinn skein úr hverju andliti meðan beðið var eftir að leikurinn væri blásin á stað," sagði Raggý í samtali við Breiðholtsblaðið. "Páskaeggjaleitin er alltaf með hefðbundnum hætti þar sem leitað er að fagurlega skreyttum hæneuggjum og börnin fá að launum súkkulaðiegg. Keppt verður í húlahoppi í nokkrum aldursflokkum og sigurvegarar fá stór páskaegg að launum. Páskaeggjaleit-



Raggý Björg Guðjónsdóttir segir að þátttakendum í páskaeggjaleitinni hafi farið fjölgandi ár frá ári.

in hefst stundvíslega við gömlu Rafveitustöðina kl. 14.00 og mun Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri mun ræsa keppnina. Allir eru velkomnir og hvet ég sem flesta til að láta sjá sig og gera sér glaðan dag," segir Raggý.

HEYRN

Ertu að fara á mis við hljóð sem skipta miklu máli?

- * Tal fólks í margmenni
- * Hjal smábarns
- * Marr í snjónum



GRÍPTU TIL ÞINNA RÁÐA

Láttu sérmenntaðan heyrnarfræðing mæla heyrnina og fáðu faglega ráðgjöf.

ReSound

rediscover hearing

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur www.heyrn.is

Tímamantanir 534 9600

Max1 er 10 ára

Afmælistilboð
Fáðu 20% afslátt af olíu, smumingu og skiptum á olíusíu í dag!

Smurþjónusta

Sparaðu, láttu smyrja bílinn hjá Max1

Höldum saman uppá 10 ára afmæli Max1

Dæmi:

Toyota Yaris 1,3i

Olía, olíusía, vinna: 8.258 kr. (fullt verð)

Afmælistilboð: 6.606 kr.

Nissan Almera 1,5i

Olía, olíusía, vinna: 8.610 kr. (fullt verð)

Afmælistilboð: 6.888 kr.

Ford Focus 1,6i

Olía, olíusía, vinna: 10.105 kr. (fullt verð)

Afmælistilboð: 8.084 kr.

Mazda3 1,6i

Olía, olíusía, vinna: 9.984 kr. (fullt verð)

Afmælistilboð: 7.987 kr.

Engar tímamantanir - komdu bara!

Spurðu um hvað við getum gert meira fyrir þig og öryggi þitt. Komdu á Max1 í dag.

Nýttu þér betri þjónustu á Max1

- Max1 Smurþjónusta
- Max1 Hjólbarðþjónusta
- Max1 Demparþjónusta
- Max1 Rafgeymþjónusta
- Max1 Bremsþjónusta
- Max1 Peruskripti
- Max1 Rúðuvökvaþjónusta
- Max1 Purkkublaðaþjónusta
- Max1 Þrifþjónusta



Skírdagur
1. apríl

Föstud. langi
2. apríl

Laugardagur
3. apríl

Páskadagur
4. apríl

Annar í Páskum
5. apríl

	Skírdagur 1. apríl	Föstud. langi 2. apríl	Laugardagur 3. apríl	Páskadagur 4. apríl	Annar í Páskum 5. apríl
ÁRBÆJARLAUG	kl. 10-18	kl. 10-18	kl. 08-21	kl. 10-18	kl. 10-18
BREIÐHOLTSLAUG	kl. 10-18	Lokað	kl. 08-20	Lokað	kl. 10-18
GRAFARVOGSLAUG	kl. 10-18	Lokað	kl. 08-20.30	Lokað	kl. 10-18
KLÉBERGSLAUG	Lokað	Lokað	kl. 11-15	Lokað	kl. 11-17
LAUGARDALSLAUG	kl. 08-22	kl. 10-18	kl. 08-22	kl. 10-18	kl. 08-22
SUNDHÖLLIN	kl. 10-18	Lokað	kl. 8-19	Lokað	kl. 10-18
VESTURBÆJARLAUG	kl. 10-18	Lokað	kl. 08-20	Lokað	kl. 10-18

Reykjavík: Bildshöfði 5a og 8, Jafnasel 6, Knarrarvogur 2, sími 515 7190.
Hafnarfjörður: Dalshraun 5, sími 515 7190.
Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700.

MAX1
BÍLAVAKTIN



Laugarnar í Reykjavík



Skemmtilegur frítími

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðuðu: www.max1.is

Breiðholtið fái það sem því ber

Ég ólst upp í Fellahverfinu í Breiðholti. Man eftir móanum, KRON og búðunum þar í kring, man eftir því hvað það voru margir krakkar alls staðar. Ég man eftir æfingum með Leikni á gamla malarvellinum, sem breyttist í drulluflag í rigningum snemma á vorin og man líka eftir löngum kvöldum í fótbolta á völlum fyrir utan Fellaskóla. Ég man eftir fyrstu skrefunum í Fellahelli og vetrinum þegar ég var plötu-snúður í flugstjórnarklefanum sem komið var upp þar. Ég man eftir ferðum niður í bæ og þegar síðasti strætó var tekinn aftur upp í Breiðholt eftir miðnætti og man líka eftir könnunarleiðingrum í önnur hverfi borgarinnar því einhver hafði frétt að það væru svo sætar stelpur þar.

Minningarnar lifa og þótt ég búi ekki lengur í Fellunum, þá legg ég oft leið mína þangað. Það er gaman að kíkja í Breiðholtslaugina öðru hvoru og á bókasafnið í Gerðubergi. Leiknissvæðið er allt annað en það var og ÍR svæðið er myndarlegt, þó það þurfi að leita leiða til að efna samning þann sem borgin gerði við ÍR fyrir hrún. Skól-

arnir og leikskólarnir virðast líta vel út, þó að krakkar séu færri en áður. Félagsstarf er aðgengilegt fyrir aldraða á tveimur stöðum og sómuleiðis tvær heilsugæslustöðvar og þjónustumiðstöðin í Mjódd veitir hverfinu marghátaða þjónustu. Hverfið hefur þó orðið út undan að minnsta kosti í tvennum skilningi. Hvergi í Reykjavík er jafn mikið atvinnuleysi og hjá Breiðhytlingum og margt sem bendir til þess að það muni taka lengri tíma fyrir hverfið að jafna sig á krepplunni en önnur hverfi í borginni. Það er staðreynd að það er mikilvægt fyrir heilsu og vellíðan fólks að hafa atvinnu eða einhverja iðju. Vinnan eflir þroska og sjálstraust fólks og gefur þannig lífinu gildi. Við verðum því að reyna að finna leiðir til að hámarka atvinnustigið og ekki síður hjálpa sem flestum að finna leiðir til að hafa eitthvað uppbyggilegt fyrir stafni. Breiðholtið hefur líka orðið útundan í almennu viðhaldi og framkvæmdum í umhverfinu. Fellagarðarnir, fyrir ofan Fellaskóla, líta illa út og þar þarf að mála og laga til. Það þarf að þrifa veggjakrot

á fjölmörgum stöðum. Þrifa rusl og laga til beð, gangstéttar, girðingar og annað í umhverfinu. Margt fleira má telja upp í þessu samhengi.

Málið er að þetta tvennt getur farið saman, þ.e. að fleiri hafi eitthvað fyrir stafni og að laga til í umhverfinu í Breiðholti. Það þarf að fara í átaksverkefni til þess að bæta umhverfið og ráða til þess fólk sem er búsett í hverfinu. Ég lýsi því yfir að ég ætla að leggja sérstaka áherslu á mál-efni Breiðholts hljóti ég kosningu í borgarstjórn og beita mér fyrir því að hverfið fái það sem því ber frá hendi borgarinnar.

Einar Skúlason er oddviti framsóknarmanna í borgarstjórnarkosningunum í vor.



Einar Skúlason.

Helgihald í Breiðholtskirkju 28. mars – 11. apríl 2010

Prestar: Sr. Gísli Jónasson og sr. Bryndís Malla Elíóttir
Organisti: Julian Isaacs

28. mars - Pálmásunnudagur

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11 - Ungir hljóðfæraleikarar taka þátt
Tómasarmessa kl. 20 - Fjölbreytt tónlist, fyrirbæn og máltíð Drottins
- Lofgjörðarhópur syngur undir stjórn Þorvaldar Halldórssonar

31. mars

Kyrrðarstund kl. 12 - Létt máltíð í safnaðarheimilinu á eftir

1. apríl - Skírdagskvöld

Messa með altarisgöngu kl. 20 - Nína Björg Vilhelmsdóttir, djákni, prédikar
- Gunnhildur Halla Baldursdóttir og Hlín Pétursdóttir flytja Stabat Mater eftir Pergolesi

2. apríl - Föstudagurinn langi

Messa kl. 11 - Litanían sungin

4. apríl - Páskadagur

Hátíðarguðsþjónusta kl. 08:00 árdegis - Morgunmatur í safnaðarheimilinu á eftir, þar sem kirkjugestir eru hvattir til að taka með sér meðlæti á sameiginlegt morgunverðar-hlaðborð

5. apríl - Annar páskadagur

Fermingarguðsþjónusta kl. 13:30

7. apríl

Kyrrðarstund kl. 12 - Létt máltíð í safnaðarheimilinu á eftir

11. apríl - 1. sunnudagur eftir páska

Sunnudagaskóli kl. 11 - Fermingarguðsþjónusta kl. 13:30

Árið hefur byrjað vel



Árið 2010 hefur byrjað vel hjá sundfélaginu Ægi. Í janúar héldu Ægiringar sitt árlega alþjóðlega sundmót sem er liður í Reykjavík Internationale Games. Þangað komu hátt í 100 erlendir keppendur að þessu sinni og var mótið sterkt og skemmtilegt.

Það voru þó ekki mörg met sem féllu á þessu móti enda flestir búnir að vera í erfiðum æfingum. Hrafnhildur Lúthersdóttir setti þó mótismet bæði í 50 m og 100 m bringusundi og Eygló Ósk Gústafsdóttir setti mótismet í 200 m baksundi. Í mótslok fengu síðan fimm stigahæstu einstaklingarnir peningaverðlaun og að þessu sinni voru það: Alexander Dale Oen í 1. sæti, Jakob Jóhann Sveinsson 2. sæti, Hrafnhildur Lúthersdóttir 3. sæti, Henriette Brekke 4. sæti og Bryndís Rún Hansen 5. sæti. Miðvikudaginn 20. janúar var



Bikar hampað.

síðan einn leikur í meistaradeild Reykjavíkur í sundi en þar kepptu annarsvegar Ægir og Fjölnir og svo KR og Ármann. Þar sigruðu Ægiringar sína viðureign með miklum yfirburðum og KR vann Ármann. Helgina 29. til 30. janúar var síðan haldið Reykjavíkurmeistaramót. Þar sigruðu Ægiringar einnig með miklum



Tekið á á lokasprettinum.

mun. En endanleg stigatala félaganna var eftirfarandi. Ægir með 1546 stig, Fjölnir með 507 stig, KR með 467 stig og svo Ármann með 126 stig. Ægiringar eru því Reykjavíkurmeistarar árið 2010. Næst á dagskrá hjá sundkrökkunum er svo gullmót KR en þar taka elstu hópar félagsins þátt og verður spennandi að sjá hvort ekki verða bætingar frá því á RIG og hvort ÍM50 lágmarkum fjólgar ekki hjá krökkunum. RG.

Helgihald í Seljakirkju í Kyrruvíku og páska

28. mars, Pálmásunnudagur

kl. 10:30 Fermingarguðsþjónusta
Altarisganga
sr. Valgeir Ástráðsson prédikar

kl. 11 Barnaguðsþjónusta
í umsjá sr. Jóns Ómars Gunnarssonar

kl. 14 Fermingarguðsþjónusta
Altarisganga
sr. Valgeir Ástráðsson prédikar

1. apríl, Skírdagur

kl. 14 Fermingarguðsþjónusta
Altarisganga
sr. Valgeir Ástráðsson prédikar

kl. 20 Kvöldguðsþjónusta Altarisganga
sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar

2. apríl, föstudagurinn langi

kl. 14 Guðsþjónusta
sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
Píslarsagan lesin
Litanían sungin

4. apríl, páskadagur

kl. 8 Morgunguðsþjónusta
sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
Einar Jónsson, Jóhann Stefánsson
Oddur Björnsson og Sigurður S.
Þorbergsson leika á lúðra

kl. 11 Fjölskylduguðsþjónusta
í umsjá sr. Ólafs Jóhanns
Borgþórssonar
Barnakórinn syngur undir stjórn Önnu
Margrétar Óskarsdóttur

kl. 11. Guðsþjónusta í Skógarbæ
sr. Valgeir Ástráðsson prédikar

5. apríl annar páskadagur


kl. 14 Fermingarguðsþjónusta
Altarisganga
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
predikar

Kór Seljakirkju syngur við
guðsþjónusturnar

Organisti við guðsþjónusturnar er
Tómas Guðni Eggertsson

Gisting á Spáni

Íbúðir fyrir 4 til 6 manns



Costa Brava Playa de Aro.

Menorca Mahon.

Barcelona

Valladolid

Andalusia.

Sjón er sögu ríkari. Skoðið heimasíðuna!

www.starplus.is

www.starplus.info

Upplýsingar í síma 8995863.

ÍR-ingar í úrslit í körfubolta

ÍR-ingar tryggðu sér þátttöku-rétt í úrslitakeppninni í körfubolta með því að leggja hið gríðarsterka lið Grindavíkur af velli 91 - 89. Þetta er frábær árangur hjá körfuboltaliði ÍR, sérstaklega þegar tekið er mið af þeim miklu meiðslum sem hrjád hafa marga leikmenn liðsins á þessu tímabili.

Það má með sanni segja að þessi mótvinur hafi eftir ÍR-inga því af seinustu fjórum leikjum liðsins þeirra unnu þeir þrjá. Fyrir vikið komust ÍR-ingar í úrslitakeppnina og etja þar kappi við sjálfa deildameistara KR. KR-ingar geta státað af einu besta körfuboltaliði landsins og því verður um hörkuleiki að ræða. Það er um að gera fyrir Breiðhlytinga að fjölmennu á þessa leiki og hvetja ÍR til sigurs.



Sigurkórfa Jarvis var vel fagnað í Grafarvoginum.

ÍR sigurvegari í heildarstigakeppni

Hinir galvösku 11 til 14 ára íþróttamenn ÍR stóðu sig með miklum sóma um helgina eins og árið 2009.

Liðið sigraði í heildarstigakeppni félaganna með alls 571

stig auk þess sem piltar 14 ára og telpur 13 ára sigruðu sínar stigakeppni. Telpur 14 ára og stelpur 11 ára urðu í öðru sæti.

ÍR þjálfararnir héldu frábærlega vel utan um sinn stóra hóp og

flestir tóku þátt í boðhlaupum þar sem ÍR var með alls 13 boðhlaupsveitir. Þannig var botninn sleginn í frábært mót og frábæra helgi þar sem samheldni og gleði ríkti.

Hulda með HM lágmark

Hulda Þorsteinsdóttir stökk á 3,95 m á innanfélagsmóti ÍR í Laugardalshöll 11. mars.

Hulda hefur bætt sig vel í vetur en vantað herslumuninn þar til í dag á að ná 3,95 m sem er lág-

mark á HM unglunga sem haldið verður í Kanada í júlí í sumar.

Hulda hefur æft undir leiðsögn methafans Þóreyjar Eddu Elís-dóttur og er það samstarf farið að skila miklum árangri. Næsta taka-

mark Huldu er að rjúfa 4 metra múrinn en þess má geta að hún átti góðar tilraunir við 4,05 m á þessu móti. Hulda verður 19 ára á árinu.

Stefán Hallgrímsson í 3. sæti

Stefán Hallgrímsson varð í 3. Sæti í flokki 60 - 65 ára á Heimsmeistaramóti öldunga innanhúss í Kamloops BC. í Kanada.

Stefán hlaut alls 3972 stig. Þrautina sigraði John Hawkins frá Kanda með 4090 stig. Í öðru sæti

var Valdis Lela frá Lettlandi með 4048 stig.

Það var því mjótt á munum en þessir þrír íþróttamenn skiptust á að vera í efstu sætum í hverri grein. Í 60 m grind hljóp Stefán á 10.25 sek og sigraði, hann

var 3. í hástökki með 1.52 m, 3. í langstökki með 4,58 m, 2. í kúlurvarpi með 11.65 m og að lokum sigraði Stefán 1000 m hlaupið á 3:33.49 mín.

22 titlar til 15 ára og eldri

Á Reykjavíkurmestaramóti 15 ára og eldri lönduðu liðsmenn ÍR 22 Reykjavíkurmestaratitlum auk fjölda silfur- og bronsverðlauna.

Töluvert af bætingum leit dagsins ljós. Fyrst ber að nefna árang-

ur Heklu Rúnar Ámundadóttur sem kastaði 3 kg kúlunni 12.12 m og bætti sig um 0,5 meter. Árangurinn er viðmið í Afrekshóp Ungmenna FRÍ. Aðrir sem bættu sig voru Arna Stefanía Guðmundsdóttir í langstökki þegar hún

stökk 5.20 m, Arnar Orri Sverrisson í 800 m 2:07.60 mín og 24,62 sek og Kolbeinn Stefánsson sem bætti sig í 800 m hlaupi, hljóp á 2:08,64 mín og bætti sig um 2 ? sek.

Margrét endurkjörin formaður

Aðalfundur Frjálsíþróttadeildar ÍR fyrir árið 2009 var haldinn í Laugardalshöllinni fyrir skömmu og yfir 50 manns sátu fundinn.

Auk venjulegrar aðalfundar-

starfa þar sem viðamikil skýrsla um starfið árið 2009 var flutt, var formaðurinn Margrét Héðinsdóttir endurkjörin auk stjórnar og varastjórnar en hana skipa Fríða Rún Þórðardóttir varafor-

maður, Helga Jensen gjaldkeri, Bryndís Ernstsóttir meðstjórnandi, Ásgeir Baldur Böðvarsson meðstjórnandi. Varastjórn; Sigrún Kristín Barkardóttir, Jóhannes Freyr Baldursson.

Arnar Orri í afrekshóp

Arnar Orri Sverrisson náði lágmarki í 400 m inn í afrekshóp ungmenna FRÍ þegar hann hljóp á 52.58 sek. í Bikarkeppni FRÍ á dögunum.

Lágmarkið er 54,00 sek.

og Arnar Orri því langt undir lágmarkinu.

Gunnar Ingi Harðarson og Bogey Ragnheiður Leósdóttir eru ný í úrvalshóp ungmenna FRÍ. Bogey fyrir árangur sinn í

stangarstökki 3.05 m og Gunnar Ingi í 60 m grindahlaupi 9.10 sek. sem hann náði á Reykjavíkurmestaramóti 11 til 14 ára.

Heimasíða ÍR er www.irsida.is



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: hordur@irsida.is
Heimasíða: irsida.is

Með fimm verðlaunasæti

Júðódeild ÍR tók þátt í Íslandsmóti og liðakeppni barna og unglunga á Akureyri þann 13. mars sl. ÍR náði nokkuð góðum árangri á mótinu og var með fimm verðlaunasæti þar að auki.

Sveit ÍR í sveitakeppninni náði öðru sæti í flokki 11 til 12 ára en þar var A sveit KA hlutskörpust. Keppendur frá ÍR voru sjö talsins en flestir keppendur komu frá KA eða alls 14. JR og UMFS voru með 12 keppendur. Einnig mættu einstaka keppendur frá Samherjum, UMFG og UMFP. Alls hlaut ÍR þrjú silfurverðlaun og tvö bronsverðlaun í einstaklingskeppninni. Við hvetjum alla til að kíkja í júdó, því



þar nærð þú að auka styrk þinn og þrek.

Stefán Halldórsson

kjörinn formaður FFRÍ

Stefán Halldórsson, fyrrverandi formaður Frjálsíþróttadeildar ÍR, var kjörinn formaður Frjálsíþróttasambands Íslands á 57. ársþingi sambandsins 26. til 27. febrúar sl.

Felix Sigurðsson, sem einnig

hefur setið í stjórn deildarinnar, var kjörinn í varastjórn og sem formaður Skráningarnefndar FRÍ. Deildin óskar þeim velfarnaðar í störfum sínum fyrir frjálsíþróttir á Íslandi.

Öflug lið í bikarkeppni

Frjálsíþróttadeild ÍR átti tvö öflug lið í keppninni um Bikarmeistararitilinn innanhúss 2010 og urðu ÍR-ingar öruggir sigurvegarar með 132 stig, næst kom sameiginlegt lið Ármanns og Fjölnis með 111,5 stig og í þriðja sæti urðu sigurvegarar síðasta árs, FH með 110,5 stig.

Í karlaflokki var ÍR í öðru sæti, aðeins 4,5 stigum á eftir FH en í kvennaflokki vann ÍR yfirburðasigur með 75 stig, 16 stigum meira

en næst lið Fjölnir/Ármann.

ÍR eignaðist alls 10 Bikarmeistara sem þýðir sigur í 10 greinum af 25 og fjöldi bætinga leit dagsins ljós. Í þremur greinum vannst tvöfaldur ÍR sigur; þrístökki, Jóhanna Ingadóttir og Sigurlaug Helgadóttir, stangarstökki Hulda Þorsteinsdóttir og Fanney Björk Sigurðardóttir og í 1500m Fríða Rún Þórðardóttir og Aníta Hinriksdóttir.

Lokað yfir páska

ÍR-heimilið verður lokað frá og með 1. apríl til og með 5. apríl. Vonum að þið eigið góða páskahelgi.

Starfsfólk ÍR.

Sumarnámskeið ÍR

ÍR mun standa fyrir sumarnámskeiðum líkt og undanfarin ár. Námskeiðin verða auglýst síðar hér í Breiðholtsblaðinu og inná heimasíðu ÍR.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30
Föstudaga
13:00 til 20:00
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00



GETRAUNANÚMER ÍR ER 109

Velkomin til okkar í Mjóddina



Við tökum vel á móti þér

Að undanfögnu höfum við kynnt úrræði og lausnir fyrir heimilin í landinu sem byggðar hafa verið á samvinnu starfsfólks og viðskiptavina Íslandsbanka. Må þar nefna:

- Greiðslujöfnun og höfuðstólslækkun á húsnæðislánum
- Greiðslujöfnun og höfuðstólslækkun bílálána og bílasamninga
- Fjármálaviðtal þar sem farið er yfir stöðu fjármála heimilisins
- Prepalækkun yfirdráttar
- Ráðgjöf um sparnað og lífeyrissparnað

Kveðja,
starfsfólk Íslandsbanka í Mjódd.

Meniga - nýtt heimilisbókhald í Netbankanum

Nýlega var hið byltingarkennda heimilisbókhald **Meniga** kynnt til sögunnar hjá Íslandsbanka. Það inniheldur fjölmargar nýjungar sem ekki hafa þekkt áður eins og:

- Sjálfvirka fjárhagsáætlun
- Samanburð við aðra notendur
- Sparnaðarráð og margt fleira

Við hvetjum þig til að koma í heimsókn og kynna þér nánar þær fjölmörgu lausnir sem við bjóðum.